

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi Akureyri



Dags eftirlits	8.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing, Krossanesi	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Páll Jóhannesson	Staðsetning	540523,65 578809,711

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar skráningu á mánaðarblöð.

## UMFANG EFTIRLITS

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Nýtt leyfi var gefið út þann 27. ágúst 2020 og gildir til 17. ágúst 2036. Engar breytingar hafa orðið á starfsemi frá síðasta eftirliti. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar skráningu á mánaðarblöð. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Alls tíu geymar eru í notkun á stöðinni í Krossanesi. Kominn er tími á botnþykktarmælingu á geymum merktum 600.12.00, 600.08.00 og 600.11.00 en aðrir geymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Allar löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2019 og stóðust þær prófið. Skollögn nr. 600.30.00 hefur verið aflögð og er ekki í notkun. Mæling var gerð, bæði í olíu og bensínpró árið 2020 með Macherey-Nagel olíuþrófi og ekki greindist merki um olíu á strimlinum. Olíuskilja og sandgildrur eru þjónustaðar reglulega, eða að meðaltali einu sinni í mánuði. Sandgildra og niðurföll voru síðast hreinsuð þann 20. október sl. af Verkvali ehf. Sjálfvirkur vöktunarbúnaður er kominn í skiljurnar og verða þær þjónustaðar eftir þörfum. Loki lekavarnarþróar stóð hálf opinn en verið var að tappa undan þró er eftirlit fór fram. Minnt á að loki skuli alla jafna standa lokaður nema þegar verið er að hleypa rigningarvatni niður úr þrónni.

Gufuendurnýtingarbúnaður var síðast yfirfarin daganna 10. og 11. desember sl. og voru mælingar framkvæmdar um leið. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila skýrslu úr þeirri mælingu að eftirliti loknu. Mæling sýndi meðaltalsgildi klukkutíma mælingar 0 g/Nm<sup>3</sup> en mörk starfsleyfisins eru 35 g/Nm<sup>3</sup>.

Afstöðumynd af birgðastöð, flæðirit og viðbragðsáætlun eru aðgengilegar upp á vegg í starfsmannaaðstöðu stöðvarinnar. Starfsleyfið var til staðar í rekstrarhandbók og var farið var yfir skráningar á mánaðarblöð. Ábending er gerð um að skrá skal á mánaðarblöð þegar olíuskiljur eru þjónustaðar og/eða tæmdar. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í hólum sem festir eru á girðinguna sem umlykur stöðina sem og við stöðvarhús. Áhættumat vegna bráðamengunar var síðast rýnt í apríl sl.

Allri úrgangsolíu er skilað til Skeljungs og flokkun á úrgangi er í stöðinni. Spilliefnakör eru tæmd reglulega af starfsmönnum stöðvarinnar og komið til skila til Terra. Lausn til söfnunar undantöppunarolíu af geymum er nú komin til framkvæmda og er undantöppunarolíunni dælt aftur inn á geymanna í stað þess að hún fari í olíugildru eins og áður var. Ísogsefni voru til staðar í dæluhúsi og í geymslu við stöðvarhús.

Þjálfun og fræðsla starfamanna er skv. skráðu verklagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Rekstrarhandbók er í olíuflutningabílum rekstraraðila með hættu- og varúðarmerkjum. Öryggisblöð og hættumerkingar eru til staðar í stöðvarhúsi.

Gengið var um stöðina, lekavarnarþræ skoðaðar ásamt geymum, undantöppunaraðstöðu og áfyllingarplani. Lóðin er afgirt með mannheldri girðingu og er hliðslá inn á lóðina lokuð. Öryggismiðstöðin hefur eftirlit með stöðinni utan

mönnunartíma.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending er sett fram er varðar að skrá skal á mánaðarblöð þegar olíuskiljur eru þjónustaðar og/eða tæmdar.

## ANNAÐ

Rekstraraðili er með gilda ISO 14001 vottun til 14. janúar 2023.


Engin mengunarslys hafa verið skráð frá síðasta eftirliti og engar kvartanir varðandi starfsemina hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila.

Meindýravörnum er sinnt að meðaltali 3-4 sinnum á ári.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.06.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir